

214.fundur - 9.október 2003

214. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps (endurrit fundargerðar), haldinn 9. október 2003

Fundurinn hófst kl. 15:00. Til hans var boðað með eftirfarandi dagskrá:

- 1) Fundargerð Félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 24.september 2003
- 2) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar frá 24. september 2003
- 3) Bréf frá Samb.ísl.sveitarfél. varðandi tvo úrskurði Félagsmálaráðuneytis (tilkynning)
- 4) Greinargerð frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða varðandi hlunnindi og sjósókn við Breiðafjörð (fjárveiting tveggja ráðuneyta varðandi menningartengda ferðaþjónustu)
- 5) Haustiþing Ferðamálasamtaka Vestfjarða, minnisblað sveitarstjóra
- 6) Bréf sveitarstjóra til fjárlaganefndar Alþingis v/fjárlagagerðar 2004
- 7) Brunavarnir í Vogalandi, umsögn slökkviliðsstjóra Reykhólahrepps
- 8) Vætanlegt fréttabréf Reykhólahrepps, hugmyndir sveitarstjóra að efni
- 9) Vatnslögn út í Karlsey, bréf sveitarstjóra til Þörungaverksmiðju (tilkynning)
- 10) Nýting heimavistar Reykhólaskóla veturinn 2003-2004 og sumarið 2004
- 11) Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga, tillaga frá sveitarstjóra
- 12) Samanburður á fjölda opinberra starfsmanna í Reykhólahreppi og Hólmavíkurreppi, minnisblað sveitarstjóra (tilkynning)
- 13) Hafnafundur 31. október 2003 (tilkynning)
- 14) Leiktæki á skólalóð Reykhólaskóla, bréf frá foreldraráði
- 15) Námskeið f. sveitarstjórnarmenn nóvember 2003 (tilkynning)
- 16) Önnur mál

Mætt Egill Sigurgeirsson, Þórður Jónsson, Gústaf Jökull Ólafsson og Björk Bárðardóttir auk sveitarstjóra. Áslaug Guttormsdóttir varamaður væntanleg kl. 16:00

Egill stjórnaði fundi í fjarveru Málfríðar.

Önnur mál

Frá sveitarstjóra:

- a) Bréf frá Íslandspósti (svar við 6 mánaða gömlu bréfi sveitarstjóra)
- b) Hallsteinsnessbátur, erindi frá Þjóðminjasafni
- c) Vegur milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar, bréf frá Leið ehf
- d) Erindi frá Reyni Bergsveinssyni

Frá Þórði Jónssyni:

- e) Fjallskil

Frá Gústafi Jökli Ólafssyni:

- f) Viðtalstímar sveitarstjórnarmanna

Frá Agli Sigurgeirssyni:

- h) Íþróttahús

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð Félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 24. september 2003. Samþykkt.
- 2) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar frá 24. september 2003. Rætt nokkuð um mótuneyti í Barmahlíð. Fundarmenn töldu rétt að takmarka aðgengi kostgangara annarra en á vegum hreppsins. Sveitarstjóri greindi frá því að samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2004 væri fjárveiting til heimilisins talsvert hærri en í fjárlagafrumvarpi 2003. Fundargerð samþykkt.
- 3) Bréf frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga varðandi tvo úrskurði Félagsmálaráðuneytis. Sveitarstjóra falið að semja drög að reglum um lækkun eða niðurfellingu á fasteignaskatti til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.
- 4) Greinargerð frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða varðandi hlunnindi og sjósókn við Breiðafjörð. Vísað til starfshóps um hlunnindasýningu og óskað eftir að hópurinn geri tillögu um skiptingu fjárveitingar.
- 5) Haustiþing Ferðamálasamtaka Vestfjarða, minnisblað sveitarstjóra.
- 6) Bréf sveitarstjóra til fjárlaganefndar Alþingis.

- 7) Brunavarnir í Vogalandi, umsögn slökkviliðsstjóra Reykhólahrepps. Von er á eftirlitsmönnum Brunamálastofnunar seinna í mánuðinum og rétt að láta þá taka Vogaland út. Vísað að öðru leyti til brunamálanefndar.
- 8) Hugmyndir að efni fréttabréfs Reykhólahrepps (kynning)
- 9) Vatnslögn út í Karlsey, bréf sveitarstjóra til Þörungaverksmiðju. (Áslaug mætti kl. 16:30). Sveitarstjóra falið að vinna áfram að verkinu.
- 10) Nýting heimavistar Reykhólaskóla veturinn 2003-2004 og sumarið 2004. Ljóst er að skólastjóri hefur forræði samkvæmt grunnskólalögum yfir öllu húsnæði skólans á meðan á skóla stendur. Byggingarfulltrúi er að kanna kostnað við nauðsynlegar úrbætur á Reykhólaskóla.
- 11) Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga. Sveitarstjóri lagði til að sýslumanni yrði skrifað og þessari nefnd komið á fót. Samþykkt.
- 12) Samanburður á fjölda opinberra starfsmanna í Reykhólahreppi og Hólmavíkurreppi, minnisblað sveitarstjóra (tilkynning)
- 13) Hafnafundur 31. október 2003. Ákveðið að senda ekki fulltrúa.
- 14) Leiktæki á lóð Reykhólaskóla, bréf frá foreldraráði. Um er að ræða tillögur að leiktækjum á skólalóð Reykhólaskóla og staðsetningu þeirra. Áslaug sagðist reiðubúin að kynna sér verð á leiktækjum. Samþykkt.
- 15) Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn nóvember 2003. Ákveðið að senda sveitarstjóra.
- 16) Önnur mál:
- a) Bréf frá Íslandspósti (svar við 6 mánaða gömlu bréfi sveitarstjóra). Samþykkt að óska formlega eftir því að breyta póstáritun hreppsins úr 380 Króksfjarðarnes í 380 Reykhólahreppur.
- b) "Hallsteinsnessbátur", erindi frá Þjóðminjasafni. Sveitarstjóra falið að fala bátinn af Þjóðminjaverði.
- c) Vegur milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar um Arnkötludal og Gautsdal; erindi frá Leið ehf. Lagt fram til kynningar.
- d) Erindi frá Reyni Bergsveinssyni varðandi minkaveiðar. Ljóst er að Reynir er búinn að fá leyfi fyrir minkasíum og fagnar hreppsnefnd því. Erindi hans að öðru leyti vísað til byggingar-, skipulags- og hafnarnefndar.
- e) Fjallskil. Þórður greindi frá smölun í Múlasveit og Kollafirði. Henni væri ábótavant og spurning hvort hreppurinn ætti að kosta smölun í þessari eyðibýggð, þ.e. Múlasveit. Samþykkt að fá menn til þess að smala í Múlasveit.
- f) Viðtalstímar hreppsnefndarmanna. Gústaf Jökull nefndi að skynsamlegt gæti verið að hægt væri að ganga að hreppsnefndarmönnum vísun til viðtals á ákveðnum tíma. Samþykkt að prófa þetta til reynslu. Verður kynnt í fréttabréfi.
- g) Íþróttahús. Egill ræddi um þetta mál og lagði til að þetta yrði tekið til alvarlegrar íhugunar. Samþykkt að kjósa nefnd til þess að undirbúa þetta mál. Í henni sitja Karl Kristjánsson, Áslaug Guttormsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson.
- h) Sundurliðun kostnaðar við Reykhólaskóla og aðra starfsemi í byggingunni. Áslaug óskar eftir að þetta verði athugað og yfirfarið. Samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Áslaug B. Guttormsdóttir
Egill Sigurgeirsson
Björk Bárðardóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Þórður Jónsson
Einar Örn Thorlacius (ritar)